



Alþingi
Erindi nr. P 140/101
komudagur 14.11.2011

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 10. nóvember 2011

Tilv.: 1111009

Umsögn Háskólans á Akureyri um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 140. löggjafarþing 2011–2012, þingskjal 7 — 7. mál.

Umsögnina tók saman Hjalti Jóhannesson sérfræðingur á Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Þingsályktunartillagan er í eðli sínu mjög framsækin og mun vaflaust bæta samfélagið ef vel tekst til. Jafnframt er verkefnið mjög krefjandi, s.s. hvað varðar að endurskoða atvinnuvegaskiptinu í opinberum hagtölum sem er forsenda þess að unnt sé að skoða umfang, mæla árangur og svo framvegis. Margir þættir sem tilgreindir eru í tillögunni byggjast á því að þessi grunnvinna liggi fyrir.

Mikilvægt er að gætt sé að samræmi við framkvæmd þessara hluta í öðrum löndum m.a. til þess að unnt sé að bera árangur Íslendinga að þessu leyti saman við aðrar þjóðir. Setja má ákveðið spurningamerki við að allir þeir 48 þættir sem tilgreindir eru í tillögunni nái fram að ganga innan settra tímamarka.

Hvað varðar 48. liðinn sérstaklega, þá er rétt að hafa í huga hvort það skerðir trúverðugleika Íslendinga á sviði umhverfismála og stefnumótunar almennt ef landið er kynnt sérstaklega sem grænt hagkerfi í kynningarefni fyrir kaupendum vöru og þjónustu, fjárfestum og ferðamönnum, áður en raunverulega er búið að ná tilsettum markmiðum að þessu leyti.

Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor.